

# UMHVERFISVOTTUN NÚVERANDI EIGNA

BREEAM In-Use er umhverfsvottun fyrir eignir í rekstri og stuðlar að sjálfbærni, orkusparnaði og umhverfsvænum rekstri.



## BREEAM IN-USE

BREEAM In-Use er alþjóðlegt rafrænt kerfi fyrir óháða vottun á frammistöðu eigna. In-Use umhverfsvottun veitir eigendum viðurkenndan kröfuramma til þess að meta frammistöðu bygginga sinna og ákvarða í framhaldinu hvar tækifæri liggja til umbóta. Kerfið veitir eigendum tækifæri til þess að innleiða hagkvæmar umhverfsvænar umbætur í rekstri og stjórnun eignar.

### Ávinningur af vottun

Að vottun lokinni er frammistaða eignar á ýmsum sviðum sett fram. Með frammistöðumatinu fær eigandinn yfirsýn yfir mögulegar umbætur og aðgerðir sem auka virði gagnvart starfsemi, umhverfinu og rekstrinum. Ávinningur aðgerða hefur t.d. í för með sér lækkun rekstrarkostnaðar með orkusparnaði, lægra kolefnisfótspori og auknum afköstum starfsmanna. Vottunin staðfestir að eigandi leitist við að hlúa að samfélaginu með sjálfbærni að leiðarljósi. Aukin sjálfbærni byggingarinnar eykur þannig hagsæld og rekstrarlega afkomu.

Vottunin styður við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og staðfestir að fyrirtækið og starfshættir þess séu samfélagslega ábyrgir.

### Vottunarferli

Ferlið fyrir In-use vottun er fljótlegt og fer fram í gegnum netviðmót þar sem eigandi svarar spurningum um eignina. Spurningarnar eru m.a. um orku- og vatnsnotkun, tæknikerfi, innivist, lýsingu, hljóðvist, einangrun byggingarhjúps, mengunarvarnir, samgöngur og athafnir tengdar rekstri bygginga. Eigandi rökstyður svör með sönnunum sem óháður matsmaður yfirfer.

Matsmaður staðfestir að lokum umhverfsvottun og einkunn eignar og BREEAM gefur í kjölfarið út umhverfsvottorð eignar. Með reglubundinni endurskoðun auðveldar In-Use stöðugar framfarir en vottun eignar er endurnýjuð á þriggja ára fresti með vettvangsskoðun matsmanns.



BREEAM vottun er víðtækasta umhverfsvottunarkerfi heims sem staðfestir að byggingar standist kröfur um sjálfbærni. Yfir 570 þúsund byggingar hafa hlotið BREEAM vottun og er kerfið notað í yfir 86 löndum.

### BREEAM IN-USE EINKUNNAGJÖF

Einkunn	Stjörnungjöf
Viðunandi	★
Staðið	★★
Gott	★★★
Mjög gott	★★★★
Frábært	★★★★★
Framúrskarandi	★★★★★★

## BREEAM IN-USE MATSPÆTTIR



HEILSA &  
VELLÍÐAN



EFNISNOTKUN  
& ÚRGANGUR



ORKA



SAMGÖNGUR



ÖRYGGI &  
VARNIR



STJÓRNUN



VATN



LANDSNOTKUN  
& VISTFRÆÐI



MENGUN

Hjá VSÓ starfa viðurkenndir BREEAM vottunaraðilar sem aðstoða með umhverfsvottunarferlið. Hafið samband við í síma 585 9000 - [vso@vso.is](mailto:vso@vso.is) til að fá upplýsingar og ráðgjöf vegna vottunar fyrir þína eign.